

Nd.

96. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Trans-american Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 2. gr. 3. Í stað »fyrirkomulag og bylgjulengd« komi: afl og bylgjulengd.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Loftför þau, er leyfishafi hefir til afnota, mega hafa og starfrækja

áhöld til þráðlausrar firðritunar eða firðtals, og gilda um þessar loftskæpta-
stöðvar samskonar ákvæði og fram eru tekin í 3. lið 2. gr. fyrir stöðina í landi.

3. Á eftir 4. gr. komi ný 5. gr., þannig:

Starfræksla loftskæptastöðvanna eftir 2. og 4. gr. skal að öðru leyti
á hverjum tíma háð alþjóðafyrirmælum þeim, er íslenska stjórnin hefir
undirritað, svo og lögum, reglugerðum og eftirliti ríkisstjórnarinnar um,
að settum fyrirmælum sé fylgt.

Greinatala breytist eftir niðurstöðum við atkvæðagreiðslu.